

Ed.

462. Breytingartillögur

við frv. til laga um stofnun búnaðarlánadeildar við Landsbanka Íslands.

Flutningsmaður: Björn Kristjánsson.

1. Við 2. gr.
Orðin í upphafi greinarinnar: »Til ársloka — Íslands« orðist svo:
Til ársloka 1926 er stjórn Landsbankans heimilt að leggja.
2. Við 3. gr.
Liðirnir 2, 3 og 4 falli burt. Talan framan við 1. lið falli burt.
3. Við 4. gr. Greinin orðist svo:
Það er á valdi bankastjórnarinnar, hversu mikið hún vill lána að tiltölu við virðingarverð veðsins, en hún lánar þó að öllum jafnaði ekki nema út á helming virðingar veðs og engu sinni meira en $\frac{2}{3}$ þess, ef veðið er jarðarveð, en $\frac{1}{4}$ ef veðið er hús á jörðu, sem veðsett er með henni.
4. Á eftir þessari grein komi ný 5. gr., svo hljóðandi:
Heimilt er bankanum að veita úr deildinni lán gegn veði í eignum og tekjum bæjar-, sýslu- og sveitarfjelaga, gegn ábyrgð þeirra sem slíkra, þegar eftirfarandi skilyrði eru fyrir hendi:
 - a. Leyfi hlutaðeigandi stjórnarvalda (sýslunefndar, stjórnarráðs) til lán-tökunnar.
 - b. Fjárhagsreikningur sýslu-, sveitar- eða bæjarfjelagsins næsta ár á undan lánbeiðninni.
 - c. Vottorð viðkomandi sýslumanns eða bæjarfógeta um, að sýslan, sveitin eða bæjarfjlagið standi ekki í neinni sjálfskuldarábyrgð fyrir kaupfjelogsskuldum nje öðrum slíkum skuldum.
5. 5. gr. verður 6. gr. og orðin: »þegar um lán til húsabóta« til enda greinarinnar falli burt.
6. 6. grein verður 7. gr.
7. 7. grein falli burt.
8. 8. grein verði 7. gr. og orðin: »og láustíminn eigi skemri en« orðist svo:
Lánstíminn má eigi lengri vera en.
9. 9. grein verði 8. gr.
10. 10. grein falli burt.